

Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn í skólanum 3. febrúar 2020 kl. 8.10

Mættir: Sigurður Ásgeirsson fulltrúi foreldra, Ester Hjartardóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Katrín Guðnadóttir fulltrúi starfsmanna, Sigríður Guðnadóttir fulltrúi kennara, Karen Hrund Heimisdóttir fulltrúi kennara, Ingunn Guðnadóttir 9. bekk, Ernest Brulinski 9. bekk, Birgitta Rúnarsdóttir 10. bekk, Emelía Hugrún Lárusdóttir 10. bekk og formaður nemendaráðs, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Skólastjóri setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Gengið til dagskrár:

1. Kynning á forvarnardegi sem verður 20. febrúar

Skólastjóri sagði frá dagskrá forvarnardagsins 20. febrúar nk. Forvarnardagurinn er samvinnuverkefni skólans og félagsmiðstöðvarinnar Svítunnar. Dagskráin hefst kl. 16.30 og lýkur kl. 22.00. Dagskráin felur í sér fræðsluerindi fyrir foreldra og/eða nemendur í unglingadeild, hópvinnu, hópefli o.fl. Ef nemendur taka þátt í allri dagskránni þá geta þeir fengið frí í skólanum daginn eftir.

2. Umbætur í kjölfar ytra mats

Skólastjóri fór yfir umbótaáætlun sem unnin var í kjölfar ytra mats á síðasta skólaári. Umbætur eru hafnar og er nokkrum þáttum lokið, aðrir þættir eru í vinnslu og enn aðrir þættir bíða. Áætlunin tekur til tveggja ára. Í máli skólastjóra kom fram að Foreldrafélagið hafi tekið að sér að kynna ábyrgð foreldra á jákvæðum skólabrag á fundum sem haldnir voru í öllum árgöngum skólans nú í janúar.

3. Önnur mál.

Næsti fundur skólaráðs verður 30. mars nk. kl. 8.10. Nemendaráð verður boðað á fundinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 8.40
Jónína Magnúsdóttir, fundarritari